



Ársskýrsla  
Fjölbrautaskólans í  
Garðabæ 2019

Apríl 2020

Kristinn Þorsteinsson

## Efnisyfirlit

1	Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
1i	Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ	3
2	Skólasamningur	4
3	Starfsemi skólaárið 2018	4
3.i	Vorönn 2018	4
3.ii	Haustönn 2018	5
4	Foreldraráð og samskipti við forráðamenn	7
5	Sjálfsmat	7
6	Námsframboð	8
7	Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna	9
7.i	Stærð húsnæðis	9
7.ii	Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2019	9
7.iii	Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2019	9
7.iv	Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2015–2019 greind eftir kynjum	9
7.v	Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir póstnúmerum haust 2019	10
7.vi	Meðalstærð námshópa vor og haust 2018 og 2019	10
8	Starfsfólk	11
8.i	Skólanefnd FG	
	Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2018	11
8.ii		
8.iii	Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum	11
8.iv	Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans	12
8.v	Hverjir teljast til stjórnenda skólans	12
8.vi	Kynjaskipting starfsfólks	12
8.vii	Starfsaldur kennara í FG	12
8.viii	Kennsluhættir í FG	12
9	Fjármál skólans	13
	Viðauki prófill skólans	14

## 1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka vísýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfna þá í gagnrýninni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfna nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl

### 1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur, áætlanir og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisstefna](#)
- [Persónuverndarstefna](#)
- [Starfsmannastefna](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Umhverfisstefna](#)

Áætlanir

- [Áfallaáætlun](#)
- [Jafnréttisáætlun](#)
- [Endurmenntunaráætlun](#)
- [Eineltismál](#)
- [Barnavernd](#)
- [Viðbragðsáætlun FG](#)
- [Viðbrögð við samskiptavanda](#)

Reglur

- [Reglur um skólasókn](#)
- [Reglur skólans varðandi fíkniefni](#)
- [Prófreglur](#)
- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um veikindi](#)
- [Reglur um skráningu nemenda](#)

- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Umgengnisreglur](#)
- [Barnaverndarnefnd](#)

## 2 Skólasamningur og stefnuskjal til þriggja ára

Nú er ekki lengur gerður skólasamningur. Þess í stað leggur skólinn á hverju ári fram stefnuskjal til þriggja ára og er það endurskoðað á hverju ári. Síðast var lagt fram stefnuskjal í nóvember 2019. Sjá má það stefnuskið í viðauka. Stefnuskjalið var samþykkt án athugasemda hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Að hausti 2018 var lagt fram stefnuskjal til þriggja ára. Sett voru fram markmið og verður gerð grein fyrir þeim. Ekki er tímabært að fara yfir þau markmið sem sett voru í nóvember 2019.

Varðandi kjarnastarfsemi voru lögð fram þrjú markmið.

1. **Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilsettum tíma.** Það markmið náðist ekki.
2. **Taka upp þriggja ára kerfi á haustönn 2019.** Þetta markmið gekk eftir. Þriggja ára kerfi var tekið upp haustið 2019. Þetta er tilraun sem stendur í þrjú ár. Að þeim loknum verður árangurinn metinn.
3. **Að minnka brotthvarf nemenda.** Þetta markmið hófst haustið 2018 og því of snemmt að kveða upp úr með árangur en hægt er að sjá þróun síðustu ára í töflum hér að neðan. Sálfræðipjónusta er í boði fyrir nemendur undir stjórn námsráðgjafa. Við höfum aukið aðstoð við erlenda nemendur og var fenginn kennari innan skólans til að koma með tillögur þar að lútandi. Helsta niðurstaða er að veita nemendum sem þurfa aðstoð persónlega aðstoð undir stjórn kennslustjóra. Nú þegar njóta nemendur slíkrar aðstoðar.

Varðandi rekstrarþætti voru sett fram þrjú markmið.

1. **Endurnýjun og breyting búnaðar.** Hér náðist talsverður árangur. Eignakaup voru tæplega 30 milljónir á árinu. Öll aðstaða í vinnuherbergi kennara var tekin í gegn. Nýir stólar voru keyptir í hátíðarsal. Húsgögn voru endurnýjuð í tveimur stofum. Bókasafnið var endurnýjað á árinu og sett upp sköpunarsmiðja, „Makers space“, innan þess. Hafist var handa við að breyta fyrirlestrasal í kennslusal fyrir leiklist og jóga. Því verki er lokið.
2. **Heilsuefling starfsmanna.** Markmiðið var að bæta 50% vinnuaðstöðu starfsmanna. Það náðist og gott betur. Vinnuaðstaða allra nema skólameistara og afgreiðslu skrifstofu var bætt verulega. Afgreiðsla skrifstofu verður bætt á árinu 2020. Tekið var upp að greiða samgöngustyrk og líkamsræktarstyrk á árinu. Talsverður hluti starfsmanna hefur nýtt sér það.

## 3 Starfsemi skólaárið 2019

### 3.i Vorönn 2019

Vorönnin hófst með afhendingu stundataflna 3. janúar og kennarafundi sama dag. Kennsla hófs 7. janúar samkvæmt hraðtöflu. Fjöldi nemenda var um 630 sem er færri en hefur verið undanfarin ár og helgast af því að skólinn hefur skilað umframgildum síðustu ár og erum við að reyna að vera nær þeim nemendafjölda sem okkur er úthlutað. Fjölda umsókna var hafnað sem fyrr. Fjarnámið var

hefðbundið en 71 nemandi var eingöngu í fjarnámi. Fjarnám hefur ekkert verið auglýst og hefur skólinn ekki getað sótt frekar fram í fjarnámi vegna skorts á ígildum. Skólaráðsfundir voru haldnir hálfsmánaðarlega, svo á einnig við um deildafundi og kennslustjórafundir. Kennarafundir voru samtals fimm á önninni. Dagatal skólans er alltaf birt á heimasíðu skólans.

Opinn fundur með nemendum skólans var að venju í febrúar og má sjá [fundargerð](#) á heimasíðu skólans.

Kennslu lauk 3. maí og hófust próf 6. maí. Brautskráning var 25. maí og brautskráðust 67 nemendur að þessu sinni. Af þeim 67 sem útskrifast voru 65 að útskrifast með stúdentspróf, 19 af listnámsbrautum, 12 af félagsvísindabraut, 11 af náttúrufræðibraut, 10 af alþjóðabrautum, 9 af viðskiptabrautum, 3 af íþróttabraut og 1 af hönnunar og markaðsbraut. Einnig útskrifuðum við 2 nemendur með lokapróf af menntabraut.

Alþjóðastarf var talsvert á önninni.

- Tölvuumsjónarmaður fór á upplýsingatæknisýninguna Bett ásamt skólameistara og fjórum kennurum.
- Til stóð að fara með hóp nemenda á fyrsta ári til Amsterdam og gista hjá nemendum í Het Amsterdam Lyceum, en vegna gjaldþrots Wow varð að fresta ferðinni fram á haustið.
- Á vorönninni var síðasta ferðin vegna verkefnisins REEngy 2017-1-IS01-KA219-026525\_1
- Á vorönninni var síðasta ferðin vegna verkefnisins Mapping Youth's Health 2018-1-IS01-KA105-038772
- FG var þátttakandi í verkefninu SITRA 2018-1-IS01-KA202-038793
- Tveir íslenskukennarar fóru á ráðstefnu NERA 2019 í Uppsala í Svíþjóð á önninni.
- Starfsmenn fóru í skólaheimsókn til Helsinki í Finnlandi og tókst sú ferð afar vel.

### 3.ii Haustönn 2019

Aldrei höfðu fleiri sótt um í FG og var innritun því annasöm. Hér fyrir neðan má þróun umsókna frá 2008:

2019	FG	Val 1	237
	FG	Val 2	313
2018	FG	Val 1	207
	FG	Val 2	317
2017	FG	Val 1	217
	FG	Val 2	366
2016	FG	Val 1	206
	FG	Val 2	244
2015	FG	Val 1	195
	FG	Val 2	290
2014	FG	Val 1	200
	FG	Val 2	300

2013	FG	Val 1	158
	FG	Val 2	274
2012	FG	Val 1	162
	FG	Val 2	292
2011	FG	Val 1	190
	FG	Val 2	273
2010	FG	Val 1	181
	FG	Val 2	247
2009	FG	Val 1	167
	FG	Val 2	366
2008	FG	Val 1	80
	FG	Val 2	282

Fyrstu áætlanir voru að taka inn 180 nemendur en vegna mikils þrýstings voru teknir inn 192 nemendur. Við þurftum að hafna miklum fjölda umsókna og var mikið álag á stjórnendum í seinni hluta júní vegna þess.

Við upphaf haustannar voru um 710 nemendur í skólanum og var það heldur færra en undanfarin ár og helgaðist af því að reynt var að færa nemendafjölda að þeim heimildum sem eru í fjárlögum.

Ef vel ætti að vera vantar skólann fleiri nemendaígildi. Auk mikillar aðsóknar að dagskólanum erum við með fjarnám. Það er og hefur verið stefna skólans að vera með fjölbreytt námsframboð og tryggja þannig að sem flestir finni nám við hæfi. Upptökusvæði skólans eru stækkandi sveitarfélög, því auk Garðabæjar sækja nemendur frá Kópavogi og Hafnarfirði um skólavist. Má það m.a. rekja til náms á listnámsbrautum og íþróttabraut sem ekki er í boði í þeim sveitarfélögum. Undanfarin ár höfum við skilað af okkur fleiri nemendaígildum en við fáum greitt fyrir.

Haustönnin hófst með þriggja daga námskeiði fyrir kennara 13. ágúst til stuðla að breyttum kennsluháttum og hjálpa til við undirbúning að breyttu stokkakerfi og breyttu annarkerfi þetta skólaár. En þetta er fyrsta skólaárið með þriggja anna kerfi. Dagatalið breytist lítt hvað varðar byrjun og enda. Í stað tveggja anna koma þrjár jafnlangar annir, 60 dagar hver önn. Þrjú námsmatsdagar verða inni á önninni. Ekki er kennsla þá daga en mögulega verða nemendur kallaðir inn t.d. til að ljúka námsmati sem þeir hafa misst af. Lokaprófum fækkar verulega en einhver lokapróf verða og gera má ráð fyrir prófum fyrstu þrjá námsmatsdagana í lok annar. Gera má ráð fyrir að nemendur verði eftir það lausir við fram að byrjun næstu annar. Stokkataflan, það er hvernig tímum er raðað á daginn hefur breyst frá því sem áður var. Nemendur eru í 320 mínútur á viku auk smiðju sem er 40 mín. í hverjum fimm eininga áfanga. Hér má sjá [stokkatöfluna skólaárið 2019-2020](#) og frekari upplýsingar um þriggja anna kerfið. Stokkatafla getur hugsanlega tekið breytingum á milli anna.

Að námskeiðinu loknu hófst hefðbundin dagskrá. Kennarafundur og kennslustjórafundur voru 16. ágúst og var skólinn settur 20. ágúst og hófst kennsla sama dag. Skólaráðsfundir voru haldnir hálfsmánaðarlega, svo á einnig við um deildafundi og kennslustjórafundi. Kennarafundir voru samtals þrjú á önninni.

[Opinn fundur](#) var með nemendum 2. október og haustfrí um miðjan mánuðinn.

Námsmatsdagar voru þrjú á önninni og lauk kennslu 1. nóvember og lauk önninni 12. nóvember og brautskráning fór fram 15. nóvember, en þá var miðönn þegar byrjuð. Að þessu sinni brautskráðust 45 stúdentar. Af þeim 45 sem útskrifuðust eru 13 af listnámsbrautum, 12 af alþjóðabrautum, 8 af félagsvísindabraut, 5 af íþróttabraut, 3 af náttúrufræðibraut, þrjú af viðskiptabraut og einn af hönnunar og markaðsbraut. Einn nemandi lauk námi af náttúrufræði- og listnámsbraut.

Fyrsta önnin í nýja kerfinu gekk afbragðs vel. Skólasókn var betri en nokkru sinni áður og einkunnir voru hærrí. Samt er alltof snemmt að lýsa yfir sigri. Haustönnin er almennt betri en vorönn og býður upp á meiri samfellu en hinar annirnar.

Kennsla á miðönn hófst 14. nóvember. Fundir voru með sama hætti og á haustönninni. Önnin fór vel af stað. Kennslu fyrir jólafrí lauk 19. desember.

Alþjóðlegt starf var í minni kantinum á önninni:

- Tveir enskukennarar fóru til Dublin með hóp nemenda sem hluta af enskuáfanga.
- Hópur nemenda á öðru ári fór til Amsterdam og gisti hjá nemendum í Het Amsterdam Lyceum. Ferðinni var frestað síðasta vor vegna gjaldþrots Wow. Heimsóknin var endurgöldin síðar um haustið.

- FG var þátttakandi í verkefninu SITRA 2018-1-IS01-KA202-038793

#### 4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og fær einn fulltrúi þess boð á skólanefndarfundum. [Foreldraráðið](#) hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti [Facebook síðu](#). Stjórnendur skólans funda með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín fulltrúa nemenda og annarra starfsmanna.

Foreldraráðið hefur á köflum verið ákaflega virkt og staðið fyrir fyrirlestrum, fundum og könnunum. Það sem hefur þó helst staðið starfsemi fyrir þrífum er þátttökuleysi foreldra. Það er ljóst að það er mikið verk fyrir höndum að sannfæra foreldra um að þeir eigi fullt erindi inn í framhaldsskólana. Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjá vegu. Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundi með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið. Í öðru lagi með netpósti en skólinn sendir af og til netpóst til forráðamanna með upplýsingum. Hlutverk foreldraráðsins hefur aukist í tengslum við gæslu á skóladansleikjum og einnig hafa þeir útvegað verðlaun til nemenda sem hafa verið dregnir úr svokölluðum edrúpotti.

#### 5 Sjálfsmat

Sjálfsmat er snar þáttur í starfsemi FG. Á hverju ári er gerð [sjálfsmatsáætlun](#) og [skýrsla](#) um sjálfsmat er birt á heimasíðu skólans á hverju ári. Þar er gerð ítarleg grein fyrir sjálfsmati í FG.

Gæðaráð hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Gæðaráðið fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku, þá er farið yfir helstu þætti skólastarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, 2 kennslustjórar 2 námsráðgjafar og félagsmálafulltrúi. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggi það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni.

2019 var sem fyrr lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans, eins og t.d. kennslukannanir, skoðun námsárangurs, líðan starfsmanna, mat á forvörnum, próf og prófagerð, kennsluáætlanir o.fl. Úttekt á einni námsgrein/námsbraut sem gerð hefur verið á vorönn var frestað fram til desember 2019. Þessi frestun kom til vegna mikilla anna við undirbúning þriggja anna kerfis og svo vegna ytri úttektar á FG á vorönn 2019.

Ytri úttekt veitir heildaryfirsýn yfir starfsemi stofnunar og í því felast tækifæri til að breyta og bæta starfsemi enn betur. Niðurstöðu ytri úttektar má sjá á eftirfarandi slóð:

[https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttekir/fjolbrautaskolinn\\_i\\_gardabae\\_19.pdf](https://www.fg.is/static/files/skolinn/Sjalfsmat/uttekir/fjolbrautaskolinn_i_gardabae_19.pdf)

Mikilvægt er að allt gæðastarf og innra mat sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem við nána skoðun geta varpað ljósi á stöðu mála og komið nýjungum til leiðar sem bæta skólastarfið. Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem unnið er að hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Slík aðferð kallast valdeflingarleið (empowerment evaluation). Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólastarfinu og áhersla er lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu (deliberate democratic evaluation). Spurningalistinn sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Allt ferlið er í anda

leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluaðferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum á vorönn. Stjórnendur skólans hafa ekki orðið varir við að kennurum sé á einhvern hátt illa við kennslukannanirnar eða finnist þær óþægilegar. Þvert á móti hafa kennarar ætíð séð sóknarfærið í þessum könnunum og meta þau samtöl sem þeir eiga við skólameistara eða aðstoðarskólameistara um niðurstöður.

Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar átta sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi. Lesa má niðurstöður þessara úttekta í [sjálfmatsskýrslum skólans](#).

## 6 Námsframboð

Miklar breytingar hafa orðið á framboði náms. Nú eru allar stúdentsbrautir orðnar þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Samþykki ráðuneytisins var veitt í byrjun árs 2017. Jafnframt var starfsbraut skólans fyrir fatlaða nemendur samþykkt á sama tíma. Samþykkis mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir styttri brautum, menntabraut og framhaldsskólabraut, var veitt snemma á árinu 2018. Því eru nú allar brautir skólans samþykktar.

Þriggja ára brautir (stúdentsprófsbrautir) í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á árinu 2019:

### Námsbrautir

- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
  - alþjóðasamskiptasvið
  - menningarsvið
  - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
  - fata- og textílhönnunarsvið
  - leiklistarsvið
  - myndlistarsvið
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
  - heilbrigðisvið
  - tæknisvið
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
  - hagfræðisvið
  - viðskiptasvið
- Styttri brautir
  - Framhaldsskólabraut
  - Menntabraut
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur (4 ár)



## 7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

### 7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

### 7.ii Fjöldi nemenda í dagskóla 2014-2019

	2014		2015		2016		2017		2018		2019	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	haust	Vor	haust
Fjöldi	678	766	672	725	642	736	669	722	659	725	629	708

### 7.iii Brotthvarf dagskólanemenda vor og haust árin 2014–2019.\*

Ár	Vor %	Haust %	Miðönn %	Alls á ári
2014	11/678=1,6%	18/766=2,3%		29
2015	17/672=2,5%	11/725=1,5%		28
2016	11/642=1,7%	11/736=1,5%		22
2017	11/699=1,6%	13/722=1,8%		24
2018	9/659=1,4%	8/725=1,2%		17
2019	4/629=0,6%	5/712=0,7%	9/663=1,4%	18

\* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur reynt að mæla brotthvarf á annan hátt en viðurkennir jafnframt að þetta er mjög erfitt. Tölur ráðuneytisins fyrir FG eru aðrar en okkar enda er talningin mjög ólík. Hjá MRN er reynt að meta hversu margir hverfa frá námi. Meðan við skoðum hverjir hætta í FG á önninni. Tölur ráðuneytisins ná eingöngu yfir nýnema og ná aðeins til 2017.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (MRN)								
Ár	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Brottfall	8,6%	4,0%	6,4%	2,9%	7,1%	4,1%	4,6%	4,3%
Fjöldi nýnema í FG	186	173	172	173	198	193	195	185

### 7.iv Skipting dagskólanemenda á námsbrautir haust 2015–2019 greind eftir kynjum.

Námsbr.	2015		2016		2017		2018		2019	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Framhaldsskólabraut	12	10	13	14	19	12	17	18	15	8
Félagsvísindi	37	64	29	71	21	61	29	60	19	49
Hönnun- og	6	17	7	21	10	25	20	37	30	53
Íþróttabraut	55	25	61	19	62	30	57	27	58	30
Fatahönnun	4	28	2	18	1	16	5	15	5	12

Leiklist	26	66	26	74	26	71	28	77	29	57
Myndlist	14	42	17	48	14	45	15	36	11	34
Tónlist				1		1				
Menntabraut										1
Málabrautir	12	47	17	53	19	62	16	53	16	37
Náttúrufræðibrautir	86	64	73	56	53	59	39	55	64	55
ST2	10	4	8	6	10	4	9	9	10	11
Viðskiptabrautir	58	35	69	30	67	42	66	42	68	35
VSS		1								
<b>Samtals</b>	<b>320</b>	<b>403</b>	<b>322</b>	<b>411</b>	<b>302</b>	<b>428</b>	<b>301</b>	<b>429</b>		
		723		733		730		730	325	382

### 7.v Dreifing dagskólanemenda á bæjarfélög eftir póstnúmerum haust 2019

Póstnr.	Fjöldi
101	3
103	2
104	7
105	6
107	4
108	3
109	18
110	9
111	5
112	4
113	3
116	1
170	1
190	1
200	71
201	74
203	46
210	252
220	56
221	31
225	48
230	13
240	3
245	1
260	4
262	2
271	15
350	2
415	2

450	1
470	1
520	1
545	1
550	2
600	5
640	1
730	1
740	1
780	1
800	2
801	1
815	1
840	1
860	1
900	2

**710**

**7.vi Meðalstærð námshópa í dagskóla vor og haust 2018 og 2019**

Hópar	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019	Haust 2019
Viðmiðunarstærð 25-28	23,2	25,5	24,4	25,0
Viðmiðunarstærð 22-26	19,6	20,8	19,2	20,8
Viðmiðunarstærð 15-18	14,5	16,4	15,34	14,0
Viðmiðunarstærð 12-14	9,6	9,9	10,3	11,8
Fornámsáfangar 15-18	13,3	13,2	13,4	12,0

**8 Starfsfólk****8.i Skólanefnd**

- Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður.
- Steinþór Einarsson, varaform.
- Frosti Jónsson
- Sigrún María Jörundsdóttir
- Þorgerður Anna Arnardóttir
- Anna Sigríður Brynjarsdóttir, fulltr. ken.
- Natalía Erla Arnórsdóttir, fulltr. nem.
- Ásta Garðarsdóttir fulltrúi foreldraráðs

**8.ii Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kynjum í árslok 2019**

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Skólameistari	1	100%		
Aðstoðarskólameistari			1	100%
Áfangastjóri			1	100%
Fjármálastjóri			1	100%
Skrifstofustjóri			1	100%
Verkefnisstjóri	1	50%		
Kennsluráðgjafi			1	33%
Framhaldsskólakennari	12	1200%	33	3297%
Leiðbeinandi			1	25%
Kerfisstjóri	1	100%		
Náms- og starfsráðgjafi			2	200%
Bókavörður			2	175%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%		
Matráður			1	100%
Stuðningsfulltrúi			1	100%
Skólaliðar			2	300%
<b>Samtals</b>	<b>16</b>	<b>1550%</b>	<b>47</b>	<b>4630%</b>

**8.iii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum**

- Stjórnendur 4
- Kennarar 45
- Aðrir starfsmenn 14

#### 8.iv Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Snjólaug Elín Bjarnadóttir frá 1. nóv. 2017
- Áfangastjóri – Kristín Helga Ólafsdóttir frá 1. jan. 2018
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason (50%) frá 1. ágúst 2010

#### 8.v Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósefsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hulda Friðjónsdóttir /Hrafnhildur Guðmundsdóttir haust 2019
- Húsvörður – Stefán Kristófersson
- Kennslustjórar

#### 8.vi Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 47 74,6%
- Karlar 23 23,0%

#### 8.vii Starfsaldur kennara í FG

- a) við FG = 11,1 ár*
- b) aðra skóla = 5,4 ár*

#### 8.viii Kennsluhættir í FG

Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ hefur markvist verið stefnt að því að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum og námsmati. Í nokkur ár var svokölluðum verkefnastofum fjölgað í skólanum með það að markmiði að auka verkefnamiðað nám og fjölbreytt námsmat. Þar sem þessi stefna skilaði okkur breyttum vinnubrögðum og breyttri nálgun á öllu námi þá ákváðum við að stíga næsta skref, að gera allar stofur verkefnastofur. Fyrsta skrefið í þessu ferli hófst haustið 2019 þegar við gerðum þá kröfu til nemenda að þeir kæmu með eigin snjalltæki í skólann. Til að þetta gengi upp var þráðlaust net skólans bætt til muna. Einnig eru nokkrar fartölvur á bókasafni skólans sem nemendur geta fengið lánaðar ef þeir gleyma sinni heima eða eiga ekki fartölvu. Einnig komum við upp tveimur hlaðstöðvum upp í skólanum, svo nemendur gætu auðveldlega hlaðið tölvur sínar. Annað skref var að breyta þremur kennslustofum þannig að þær henti betur til verkefnamiðaðs náms. Í tveimur þeirra eru borð sem auðvelt er að færa til og geyma til hliðar í kennslustofunum. Þetta gerir það að verkum að kennarar geta auðveldlega breytt kennslustofunni þannig að hún passi betur við þá kennsluaðferð sem notuð er í stofunni á hverjum tíma.

Til að styðja kennara enn betur þá höfum við fjölgað námskeiðum. Í haust var þriggja daga námskeið fyrir alla þá kennara sem vildu bæta við hæfni sína. Sömuleiðis höfum verið með reglulega svokölluð örnámskeið þar sem kennarar skólans kenna hver öðrum. Dæmi um örnámskeið á skólaárinu eru námskeið að búa til myndbönd, nota vínillskera og gera veggspjöld.

Í haust var opnað breytt og endurbætt bókasafn. Þar er nú sköpunarsmiðju (makers space) sem kennarar geta nýtt sér. Kennarar skólans hafa verið duglegir að kynna sér þá möguleika sem slík

smiðja bíður upp á. Hafa bókasafnsfræðingar skólans verið að kynna sér vinnu í sköpunarsmiðjum og hafa þeir verið öflugir að miðla þessari þekkingu til kennara skólans.

Með miklum tækniframförum í kennslu þá skapast það vandamál að það getur verið erfitt fyrir kennara að fylgjast með.

Smiðja virkar þannig að 10 mínútur eru teknar af öllum kennslutímum. Þessum mínútum er safnað saman og komið fyrir í smiðjum, þar eru kennarar í fjörutíu mínútur með tíma með færri nemendum. Markmiðið með slíku fyrirkomulagi er að koma til móts við einstaka nemendur, auka einstaklingmiðað nám, koma til móts við nemendur sem misst hafa úr eða eiga í erfiðleikum í námi. Við ætlum að halda áfram að vera með smiðjur sem hafa reynst nokkuð vel.

Kennarar í skólanum hafa verið duglegir að prófa sig áfram með þessa nýju tækni og hefur sú stefna verið í skólanum í nokkur ár að ef kennari vill prófa nýja tækni eða ef hann vill kaupa aðgang að kennslugögnum þá fær viðkomandi fullan stuðning frá skólanum.

## 9 Fjármál skólans

Fjárhagsstaðan er góð og vel innan ramma fjárlaga fyrir árið 2019. Í ársreikningi stendur eftirfarandi.

„Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.045,4 milljónir og afkoma kr. 12,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 90,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 168,5 milljónir.“

Á þessu ári var keypt mikið af húsgögnum og vinnuaðstaða kennara stórbætt. Þegar upp var staðið voru eignakaup um 30 milljónir króna. Fyrirhugað er á árinu 2020 að halda áfram að endurnýja húsgögn og bæta tækjakost skólans.

Samkvæmt fjárlögum fær skólinn 1.057.100 íkr. úr ríkissjóði fyrir árið 2020 og 29,9 milljónir til tækjakaupa. Skólinn lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2020 í nóvember og gerir að óbreyttu ekki ráð fyrir neinum vandræðum við rekstur skólans á árinu 2020.

## Upplýsingar um framhaldsskóla

Skóli: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

### Stærð skóla, fjöldi nem og starfsmanna

FG er skóli með rúmlega 700 nemendum og um 65 starfsmönnum í 5.685 fermetra húsnæði. Gert er ráð fyrir 697 ársnemendum á árinu 2019 samkvæmt [fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga 2019](#).

### Námsframboð

FG er áfangaskóli með sjö stúdentsbrautir og tvær styttri brautir. Í skólanum er jafnframt fjögurra ára starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Rúmlega 90% nemendafjöldans stunda nám í dagskóla, tæp 10% stunda fjarnám.

### Sérverkefni, þróunarstarf

Skólinn tekur þátt í brotthvarfsverkefni mrn.

### Matsaðferðir og umbótaþættir skv. skýrslu

Skólinn hefur gert sjálfsmatsáætlun og skilar árlegri skýrslu. Sjálfsmatsskýrsla er birt á heimasíðu skólans.

### Úttektir

Skólinn var tekinn út af mrn á vorönn 2013. Skólinn var tekin út af Menntamálastofnun á vorönn 2019. [Niðurstöður úttekta ásamt viðbragðsáætlunum](#) eru birtar á heimasíðu skólans. Kennslumat er framkvæmt í hverjum áfanga á hverri önn.

### Afkoma, rekstrarstaða

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.045,4 milljónir og afkoma kr. 12,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 90,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 168,5 milljónir.

### Brottfall

Samkvæmt skráningu skólaráðs hættu 4 nemendur á vorönn 2019 og 5 á haustönn 2019 og 9 á miðönn 19-20.

### Stjórnun

Auk skólameistara er aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, fjármálastjóri, skrifstofustjóri, húsvörður og kennslustjórar.

### Samvinna við aðra

Kennarar í FG semja próf og leggja fyrir nemendur í Garðaskóla sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum.

Nemendur í Sjálandsskóla og á Álftanesi stunda nám í fjarnámi í FG.

Fundað er annað hvert ár með grunnskólakennurum í Garðabæ.

Skólinn er þátttakandi í átakinu Græn skref í ríkisrekstri og hefur lokið tveimur skrefum.

Skólinn er þátttakandi í verkefni á vegum Ungt fólk í Evrópu.

*Skólinn er í samstarfi við Amsterdam Lyceum í Hollandi.*

*Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu ReEnergy.*

*Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu Sustainability in the rural areas.*

*Skólinn er þátttakandi í Erasmus verkefninu Mapping Youth's Health.*

#### **Sérstakar áherslur/sérsvið skólans**

*FG er almennur framhaldsskóli með fjölbreytt námsframboð. Sérstök áhersla er á listnám og er þar boðið upp á þrjár leiðir. Leiklist, myndlist, textíl- og fatahönnun. Tónlistarnemendur hafa fengið nám sitt í tónlistarskólum metið inn sem sérstakt listasvið innan listnámsbrautar. FG sinnir fjölbreyttum hópi nemenda og er Garðabær helsta upptökusvæði skólans.*

*Mjög mikilvægt er að bæta aðstöðu fyrir listnám og starfsbrautarkennslu við skólan*